

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar.

#### 1. gr.

C. liður 6. gr., sbr. reglugerð nr. 29, 13. janúar 2003, orðist svo: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 10. apríl - 8. júlí. Innan línu, sem dregin er frá Óshólavita í Bjarnanúp, er þó eigi heimilt að hefja grásleppuveiðar fyrr en 20. apríl.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.

#### 1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sérfræðing í hjúkrun og starfa sem slíkur hér á landi hefur á einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

#### 2. gr.

Umsóknir um sérfræðileyfi ásamt gögnum sem staðfesta menntun og starfsreynslu, skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

#### 3. gr.

Ráðuneytið skal leita umsagnar hjúkrunarráðs áður en leyfi er veitt.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skal að tilhlutan hjúkrunarráðs tilnefna tvo hjúkrunarfræðinga, sem hafa sérþekkingu í þeirri sérgrein eða á því sérsviði sem umsókn umsækjanda um sérfræðileyfi tekur til og skulu þeir taka þátt í umfjöllun hjúkrunarráðs.

#### 4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í klínískum sérgreinum og á klínískum sérsviðum hjúkrunar. Skilryrt er að nám umsækjanda hafi að stærstum hluta verið innan þeirrar sérgreinar eða þess sérsviðs sem umsókn hans um sérfræðileyfi tekur til.

#### 5. gr.

Til þess að hjúkrunarfræðingur geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi í hjúkrun, skal hann fullnægja eftirtöldum kröfum:

1. Hann skal hafa hjúkrunarleyfi hér á landi skv. 1. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974.
2. Hann skal hafa lokið meistaraþrófi, licentiatþrófi eða doktorsþrófi frá viðurkenndum háskóla eða hafa sambærilega menntun.
3. Hann skal hafa unnið við hjúkrun að loknu prófi skv. 2. tölul., sem svarar til að minnsta kosti tveimur árum í fullu starfi við þá sérgrein eða á því sérsviði sem umsókn hans um sérfræðileyfi tekur til.

## 6. gr.

Peir sérfræðingar sem hlotið hafa sérfræðileyfi í hjúkrun skv. reglugerð um veitingu sérfræðileyfa nr. 98/1976 og reglugerð um veitingu sérfræðingsleyfa nr. 426/1993 halda þeim réttindum sínum.

## 7. gr.

Sérfræðingur sem hlýtur sérfræðileyfi eftir gildistöku þessarar reglugerðar skal endurnýja sérfræðileyfi sitt á tíu ára fresti og staðfesta að hann starfi og hafi viðhaldið þekkingu sinni í þeirri sérgrein eða á því sérsviði sem hann hefur sérfræðileyfi í.

## 8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 426/1993, um veitingu sérfræðingsleyfa í hjúkrun.

Reglugerð þessa skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á deiliskipulagi við Súlunes 14.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Súlunes 14 í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagsskilmálum í Hraunsholti, Ásum.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum sem fylgja deiliskipulagi Hraunsholts í Ásum í Garðabæ. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall í hverfinu hækkar. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 18. febrúar 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.